

SÓLVANGUR HJÚKRUNARHEIMILI 2016

FUNDARGERÐ VERKFUNDAR

Framkvæmdaraðili: Hafnarfjarðarbær	Fundur nr. : 10
Verktaki: Munck íslandi ehf	
Fundarstjóri: Arnar Smári Þorvarðarson	Fundarritari: ASP
Fundarstaður: Verkstað	
Pátttakendur:	4.10.2017
Hreinn Sigurðsson (HS) Munck hreinn@munck.is 8422116	Frá kl. : 10:00
Theodór Sólónsson (TS) Munck teddi@munck.is 8422142	Til kl. : 12:00
Arnar Smári Þorvarðarson (ASÞ) Verki ast@verkis.is 8923935	
Hilmar Ástþórsson (HÁ) Verki hia@verkis.is 8923935	
Gísli Ó. Valdimarsson (GÓV) VSB gisli@vsb.is 6608612	
Dreifing: Fundarmenn	Næsti fundur:
Guðmundur Þórðarson (GP) Munck guðmundur@munck.is 8422118	Miðvikudaginn 18.
Stefán Veturliðason (SV) VSB stefan@vsb.is 6608606	október 2017, kl
Sigurður Haraldsson (SH) Hfj.bær siggih@hafnafjordur.is 6645631	10:00 á verkstað.
Örn Arnarson (ÖA) Verki oar@verkis.is 6943556	



Vettvangsmynd fundardag. (Unnið við undirslátt undir plötu yfir kjallara, horft frá vesturenda til austurs.)

Nr. **FUNDARGERÐ:** **Frestur:** **Ábm.:**
Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðasta fundi.

- Fundargerðir.**
Fundargerð síðasta verkfundar, nr. 9 var yfirfarin og undirrituð.
Haldnir af verið 4 rýnifundir og eru gerðar um þá sér fundargerðir.



Nr.

FUNDARGERÐ:

Frestur:

Ábm.:

Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðasta fundi.

2. Umsjón verkkaupa.

Umsjón verkkaupa er :

*Verkefnisstjóri: Stefán Veturliðason (VSB)
Byggingastjóri: VSB verkfræðistofa, umsj. Gísli Ó Valdimarsson
Umsjónarm. eftirlits: Arnar Smári Þorvarðarson (Verkís)
Eftirlit: Örn Arnarson (Verkís)
Hilmar Ástþórsson (Verkís)
Hilmar Ástþórsson hefur leyst Örn Arnarson af.*

3. Umsjón verktaka.

Umsjón verkkaupa er :

*Verkefnastjóri: Guðmundur Þórðarson
Staðarstjóri: Hreinn Sigurðsson
Verkstjóri: Theodór Sólonsson
Jarðvinna: Björgvin Guðmundsson
Tæknimaður: Bartosz Dziub
Gæðastjóri: Sigurbjörn Bárðarson*

4. Tryggingar.

*Verktrygging – Trygging liggur fyrir og er hluti samningsgagna.
Ábyrgðatryggingar - Staðfesting liggur fyrir frá tryggingafélagi að trygging sé í gildi.
Verktaki hefur upplýst að ekki sé þörf á brunatryggingu a.m.k. ekki fyrr en eftir áramót.*

5. Öryggisráðstafanir/öryggismál.

*Verktaki hefur lagt fram Öryggishandbók (RFI #13) þann 21.07.2017
Óskað hefur verið eftir því að verktaki sendi afrit af eigin úttektum öryggismála á eftirlit. Ítrekað. 13.10.17 HS
Vinnuslys sem varð þann 17.07.17 á verkstað er í rannsókn hjá Vinnueftirlitinu og Lögreglu. Ekki liggur fyrir skýrsla aðila.
Útbúa þarf tillögu að viðvörunarskiltum og taka til skoðunar hvort þurfi að beina umferð gangandi frá göngustígum næst byggingasvæði. GÓV mun fara yfir þetta atriði. Skiltin eru komin á verkstað og verða sett upp næstu daga í samráði við GÓV.
Gæta þarf að því að hlið séu ávalt lokuð og þegar þau eru opnuð sé það gert meðan starfsmaður veitir aðgengi. Hlið séu ekki skilin eftir opin án umsjónar.*

6. Undirverktakar/meistarar.

Undirverktakar:

- Pípulagnir: Pípulagningameistarinn ehf.
- Uppsláttur og uppsteypa veggja: Roko (Pólskt fyrirtæki)
- Blíkksmiði og loftræsting: Stjórnublikk ehf.
- Raflagnir: Tengill ehf.
- Járnending: Járn SFM ehf
- Aðrir undirverktakar verða gefnir upp síðar.

Iðnmeistarar:

- Pípulagningameistari: Magnús Kristinsson



Nr.	FUNDARGERÐ:	Frestur:	Ábm.:
	Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðasta fundi. <ul style="list-style-type: none">• Húsasmíðameistari: Tómas Haukur Tómasson• Raflagnameistari: Haraldur Jón Arason – Vantar undirskrift• Blikksmíðameistari: Finnbogi Geirsson• Dúklagningameistari: - Liggur ekki fyrir• Múrarameistari: Yngvi Eiríksson• Málarameistari: - Liggur ekki fyrir <p>Byggingastjóri (GÓV) leggur áheyrslu á að verktaki gangi hratt í verkið útvegi undirskriftir sem fyrst.</p> <p>ASP skorar á verktaka að ganga frá þessu málum nú í vikunni.</p>	13.10.17 13.10.17	HS HS
7.	Aðstaða verktaka. <p>Verktaki hefur lokið uppsetningu, vinnubúða, krana og hliða auk þess hefur bráðabirgðatengingum verið komið á vegna rafmagns, vatns og fráveitu.</p>		
8.	Athafnasvæði. <p>Skilgreint vinnusvæði er innan girðingar. Mikilvægt að vinnusvæði sé ávallt lokað og ekki opið fyrir umf. óviðkomandi og það á jafnframt við um hlið. Minnt er á að fara þarf regluleg yfir girðingu og viðhalda. Eftir er að setja upp leiðbeiningaskilti til að lágmarka umferð utan vinnusvæðis. Verktaki hefur óskað eftir upplýsingum um hvenær hann megi framkvæma á svæði „verkmörk utan girðingar“. ASP mun skoða það en ljóst er að það þarf að miðast við þann tíma sem þarf til að vinna þær breytingar sem þar skal framkvæma. Lagnir í jörðu og frágangur lóðar, á þessu svæði verður líklegast ekki unnin fyrr en á vormánuðum, mars 2018 (?).</p>		
9.	Veitustofnanir. <p><u>Heimæð fyrir heitt vatn</u> GÓV mun skoða hvernig og hvers það er að sækja um heimæð fyrir heitt og kalt vatn. GÓV mun setja sig í samband við veitur.</p>		GÓV
10.	Samstarf við aðra. <p>Verkkaupi (GÓV/ASP) mun undirbúa í samráði við stjórnendur Sólvangs, hvernig verður staðið að tengingum við byggingarhlutann og gera grein fyrir útfærslum við verktaka.</p>		
11.	Gæðamál. <p>Eftirlit óskar eftir því að verktaki leggi fram gæðahandbók. Ósk um að verktaki leggi fram gæðahandbók ítrekuð. Kynning vegna „ProCore“ hefur ekki verið tímasett. HS boðar til kynningar.</p>	13.10.17	HS
12.	Vinnutími. <p>Daglegur vinnutími á virkum dögum er frá 07:00 til 17:30 en á laugardögum frá 07:00 til 14:00. Einnig er unnið tilfallandi lengur.</p>		



Nr. **FUNDARGERÐ:** **Frestur:** **Ábm.:**
Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðasta fundi.

13. Mannafli og tæki.

Tæki á verkstað frá síðasta verkfundi:

- 1 Skotbómulyftari
- 1-2 Smágröfur (eftir þörfum)
- 1-2 Hjólagrafa
- 0-3 Vörubifreiðar
- 0-1 Vörubíll með krana
- 1 Loftpressa (eftir þörfum)
- 3 Byggingakranar
- 1 Járnklippur og beygjúvél
- 1 Tækja/geymslugámur
- 3 Jarðvegsþjöppur (750kg og 350 kg)

Mannafli á verkstað frá síðasta verkfundi:

- 1 Staðarstjóri
 - 1 Verkstjóri
 - 1 Tæknimaður
 - 0-1 Mælingamaður
 - 0 Smiðir
 - 2 Jarðvinnu
 - 0-2 Rafvirkjar
 - 0-2 Pípari
 - 2- 5 Járnamenn
 - 11-15 Mótauppláttur og steypa (Roko) – þar af einn tæknimaður
- Alls 18-30 manns**

14. Dagskýrslur.

Eftirlit hefur óskað eftir að fá afhentar dagskýrslur. Ósk frá 2. verkfundi, um að verktaki afhenti eftirlit dagskýrslur var ítrekuð.

13.10.17 HS

15. Veðurfar.

Frá síðasta verkfundi hefur verið gott og milt veður, rignt hefur einhverja daga.

16. Verkstaða – áætlanir, næstu verk.

Verkstaða:

Aðstaða:

Aðstöðusköpun er að mestu lokið, þ.e. eftir er að setja upp upplýsingaskilti sem og viðvörunarskilti fyrir utan afmarkað vinnusvæði.

Jarðvinna

Búið er að fylla undir grunnplötu í kjallara og grunnplötu 1. hæðar.

Verið er að fylla að undirstöðum, að vestanverðu lokið ca. 95% og að austanverðu lokið ca. 75%.

Unnið er við lagnaskurði austan við hús og milli húsa.

Burðarvirki

Búið er að steypa þrifalag.

Búið er að steypa undirstöður undir grunnplötu kjallara og undir grunnplötu 1. hæðar. Búið er að steypa súluundirstöður og súlur upp undir endanlega jarðvegshæð.

Búið er að steypa undirstöður grunnplötu og vegg tengigangs kjallara.



Nr.

FUNDARGERÐ:

Frestur:

Ábm.:

Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðasta fundi.

Búið er að steypa grunnplötu í lyftugryfjur, kjallara og 1. hæð.

Búið er að steypa veggkjallara.

Verið er að vinna að undirlætti plötu yfir kjallara og súlna/bita utanhúss.

Lagnir

Búið er að leggja lagnir undir grunnplötu kjallara og grunnplötu 1. hæðar.

Vinna við regnvatnslagnir austan við hús er að hefjast.

Raflagnir

Röralagnir í steypu vinnast samhliða steypu.

Búið er að leggja hringjörð jarðskauts.

Næstu verk: (2 vikur, eða að næsta verkfundi)

Aðstaða

Aðstöðusköpun er að mestu lokið. Stefnt að því að útbúa og setja upp merkingar og skilti.

Jarðvinna

Vinna við fyllingar heldur áfram, þ.e. fyllingar að sökkulveggjum og súluundirstöðum. Vinna drenerandi hluta fyllingar með sökkulveggjum að austanverðu.

Burðarvirki

Vinna að uppslætti, jarnabindingum og uppsteypu;

Austurhluti: veggir 1. hæð, plötu og bita yfir tengigang í kjallara og svalagólf 1. hæðar.

Vesturhluti: súlur utanhúss (sjónsteypa), stefnt á að steypa plötu yfir kjallara.

Lagnir

Leggja regnvatnslögn austan og vestan með byggingu.

17. Verkáætlun.

Eftirlit hefur óskaði eftir uppfærðri verkáætlun.

Verktaki lagði fram þann 19. september uppfærða áætlun uppsteypu.

Verktaki vekur athygli á að uppsteypuáætlunin er mjög stíf/knöpp og lítið má bregða útaf. Verktaki gerði þá grein fyrir að uppsteypa væri um 6 vikum á eftir heildarverkáætlun samning. Náist að vinna eftir uppsteypuáætlun muni verkið verða 3 vikum á eftir heildaráætlun samnings.

Verktaki vinnu jafnframt að endurskoðun heildarverkáætlunar.

Staða uppsteypu er nokkurn veginn í samræmi við uppsteypuáætlun verktaka frá 19. september, nema plata yfir kjallara sem einhver seinkun er á.

Verktaki hefur ákveðið og er að undirbúa að fá meiri mannskap í uppsteypu til að auka afköst uppsteypu enn frekar.

18. Hönnun (breytingar).

Stimplað teikningasett arkitekta er gallað. Letur inniheldur □ í stað hluta tölustafa. Tölvutæk útgáfa af teikningasetti hefur þó ekki þennan galla. Þessu hefur verið komið til skila og mun arkitekt gefa út nýtt sett af teikningum. Óafgreitt.

Til stendur að breyta sorpgerði í „djúpgáma“, hönnun ólokið.



Nr. **FUNDARGERÐ:**
Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðasta fundi.

Frestur: Ábm.:

Eftirlit mun koma fyrirspurnum verktaka áfram til hönnuða.

19. Teikningar og önnur gögn.

Skoða þarf stöðu innlagnar breyttra teikninga til byggingafulltrúa. Verktaki vekur athygli á að í verklýsingum vanti ýmis litarnúmer, gera þurfi litaskrá.

Arkitekt

- *Teikningar vegna breytinga við léttan útvegg núverandi lágbyggingar eru væntanlegar, þ.e. arkitektateikningar af frágangi. Óafgreitt.*
- *Steyptar svalir, hallar á svalagólfum og staðsetning svalaniðurfalla er óljós. Komið inn á arkitektateikningar, grunnmyndir 1. hæðar.*
- *Steyptir veggir neðan svala á 1.hæð, frágangur er óljós, múrað beint á stein eða múrkerfi á einangrun. Múra skal beint á stein.*
- *Svalahandrið á svalir 1. hæð, deili vantar. Lausn er óskýr og þarfnast samræmingar arkitekts og burðarþols.*
- *Hæðir sýnilegs yfirborðs súlna, þ.e. sjónsteypa, vantar að gera grein fyrir. Hefur verið gerð grein fyrir að hluta með breyttri teikningu. Sjá nánar hæðir á teikningum lóðarfrágangs.*
- *Hæðarkótar jarðvegs og klæðninga á útlitsteikningar vantar. Hefur verið gerð grein fyrir með nýjum teikningum.*
- *Biti í módullínu H milli módullína 3 og 4, óljós útfærsla. Hefur verið gerð grein fyrir með breyttri teikningu.*
- *Teikningar vegna breytinga við léttan útvegg núverandi byggingar eru væntanlegar. en burðarvirki er komið en arkitektateikningar vantar. Óafgreitt*

GÓV
ASP

Burðarvirki

- *Burðarvirkjateikningu vantar af vegg sem lokar af innigarð við aðalinngang á 1.hæð. Óafgreitt*
- *Burðarvirkjateikningu vantar af þrepum í lágbyggingu/tengigangi í kjallara. Óafgreitt*
- *Svalaplata á 1.hæð til austurs, járnending er óljós. Hefur verið gerð grein fyrir með breyttri teikningu.*

Lagnir

- *Þak- og svalaniðurfallsrör og svalaniðurföll eru óskilgreind í verkögnum, engar verklýsingar né magnliðir í tilboðsskrá. Óafgreitt.*
- *Regnvatnslagnir í grunn, tengingar vantar fyrir svalaniðurfallsrör.*

Raflagnir

- *Kjallari, útveggur í módullínu 4, milli módullína C og E, þar eru tenglar teiknaðir upp í glugga. (Búið er að steypa plötu á þessum stað) Hefur verið gerð grein fyrir með breyttri teikningu.*
- *Stjórnpanelar/kallhnappar fyrir lyftur, eru engin úrtök í steypu eða lagnaleiðir fyrir þá. Ekkert teiknað, en þeir eru sýndir á grunnmynd arkitekts, milli hurða lyfta. (skoða) Óafgreitt.*
- *Skammstöfun AKKO á teikningu RG-GO-01, óljóst hvað það merkir? Óafgreitt.*

Ennfremur eru atriði í rýnifundargerðum sem þarfnast úrlausna.



- Nr.** **FUNDARGERÐ:** **Frestur:** **Ábm.:**
Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðasta fundi.
- 20. Efnisútleiðing / efnisvottorð.**
Verktaki vakti athygli á líklega væri villa í töflu í kafla 2.3.0.4 – skýringar á magntölum, en umrædd tafla útskýrir hlutfall þyngdar m.v. þvermál járna. Atriði er óafgreitt.
Verktaki hefur lagt fram upplýsingar/gögn vegna steypu og bendistáls til samþykktar.
Verktaki hefur lagt fram upplýsingar um; lagnaefni í grunn, steinullareinangrun á undirstöður og undir grunnplötu og járnabakka.
Verktaki hefur fengið verkfræðistofuna Eflu til að framkvæma rannsóknir á fyllingaeftum (0-100mm) og hefur lagt fram upplýsingar.
- 21. Viðbótarsamningsverk.**
Ekkert nýtt tekið fyrir.
- 22. Aukaverk.**
Verktaki hefur enn ekki gert grein fyrir boðuðum viðbótarkostnaði sbr. fyrri fundargerðir og orðsendingar. Verktaki er hvattur til að gera grein fyrir sínum kröfum til að hægt sé að taka afstöðu til þeirra tímalega.
Búið er að rífa skyggni yfir núverandi inngang í kjallara. Verktaki hafði verið er beðinn um að gefa tilboð (fast verð) í aukaverkið áður en vinna við rif átti sér stað. Tilboð verktaka í rif liggur þó ekki fyrir.
Krafa nr. 1 hefur verið skilgreind af verktaka og gerð grein fyrir með orðsendingu.
Verktaki hefur lagt fram orðsendingu með tímagjöldum starfsmanna.
Verktaki hefur óskað eftir fundi til að afgreiða ýmis mál er varða aukaverk.
ASP mun boða til þessa fundar. ASP
Verktaki vekur athygli á eftirfarandi aukaverkum:
- Takkadúkur utan á einangrun er ekki skilgreindur verkliður. Eftirlit óskar eftir einingaverði verkþáttinn.
 - Breytingar og uppsteypa trappna í núverandi byggingu er ekki skilgreindur verkþáttur.
 - Breytingar, rof og endurgerð í núverandi byggingum vegna tengibyggingar, er ekkert gerð grein fyrir í gögnum og engir skilgreindir verkþættir vegna þessa.
- 23. Magntölur.**
Verktaki vekur athygli á að magn fyllinga í og utan grunns er nokkuð meira en magnskrá gerir grein fyrir. Verktaki mun leggja fram útreikninga/mælingar þess til uppgjör verkþáttar.
Verktaki telur einangrun undir grunnplötu vera meiri en magnskrá gerir grein fyrir.
- 24. Rannsóknir.**
Ekkert bókað.
- 25. Mælingar.**
Innmæling var framkvæmd á frárennislögn sem liggur með húsinu og var til staðar þegar framkvæmdir hófust og reyndust þær ekki hafa hreyfst.



Nr. **FUNDARGERÐ:** Frestur: Ábm.:
Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðasta fundi.

Eftir er að mæla hluta hennar, vestast á lóð, en gæta verður að það gleymist ekki.

26. Bréf/orðsendingar.

Verktaki hefur lagt fram orðsendingar til og með nr. 21

Eftirlit hefur lagt fram orðsendingar til með nr. 10

Verktaki hefur tekið saman yfirlit yfir orðsendingar og stöðu afgreiðslu þeirra. Yfirlit þetta er fylgiskjal fundargerðar. (óuppfært frá síðasta fundi)
Eftirlit þarf að afgreiða útistandandi atriði orðsendinga verktaka.

27. Reikningar.

Fyrir liggur framvindureikningur nr. 3.

Framvindureikningur 4 er væntanlegur.

28. Kröfur.

Verktaki hefur í orðsendingum áskilið sér rétt og gert kröfu um tafadaga og um greiðslu kostnaðar vegna tafa s.br. orðsendingu.

Verktaki hefur gert grein fyrir kröfum með orðsendingu nr. 16.

29. Tafabætur.

Ekki tekið fyrir.

30. Rif gamalla mannvirkja.

Verkþætti vantar í samningsgögn vegna rifa og sögunar við tengibyggingar. Það á einnig við um hluta lóðar þar sem ætlunin er að breyta henni milli nýbyggingar og lágbyggingar heilsugæslu.

31. Úttektir, byggingafulltrúi.

Úttektir byggingafulltrúa og byggingastjóra eru í samræmi við hefðbundið ferli. Sama gildir um úttektir eftirlits.

Komið hafa upp atvik við úttekt byggingafulltrúa þar sem við úttekt liggja ekki fyrir uppfærðir breyttir uppdættir, samþykktir/stimplaðir og hafa verið gerðar athugasemdir við það.

32. Verklök.

Ekki tekið fyrir.

33. Samningslok.

Ekki tekið fyrir.

34. Önnur mál.

Tengigangur að hábyggingu

Teikning B-SD-03B , deili B4; málsetning á vatnsbretti vantar.

Takkadúkur:

Enginn verkliður er fyrir takkadúk í verklýsingu en takkadúkur er sýndur á teikningu. Vill verkkaupi/hönnuður að notaður verði takkadúkur? Skoða þarf hvar takkadúkur er staðsettur í sniði (efnisnotkun á takkadúk skv.



Nr.

FUNDARGERÐ:

Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðasta fundi.

Frestur:

Ábm.:

sniði er ekki rétt). Þarfnast skoðunar. Gefnar hafa verið út nýjar teikningar sem gera grein fyrir þessu. Óskað er eftir einingaverði í þennan verkþátt.

Kerfismyndir – teikningar

Verktaki óskar eftir að fá teikningar kerfismynda kerfa sem tengjast hússtjórnarkerfi, en það vantar kerfismyndir tveggja kerfa. (líklegast ofnakerfi og gólfhitakerfi)

Samþykkt fyrir hönd verktaka:

Samþykkt fyrir hönd verkkaupa:

RFI LOG

#	Subject	Status	Responsible Contractor	Assignee	Date Initiated	RFI Manager	Due Date	Closed Date	Ball In Court	Location	Schedule Impact	Cost Code	Cost Impact	Received From
17	ÞYNGDIR BENDISTÁLS	Open		Arnar Smári Þorvarðarson (Eftirlit - VERKÍS),	14/09/2017	Hreinn Sigurðsson	19/09/2017		Arnar Smári Þorvarðarson (Eftirlit - VERKÍS),			003-000 - Burðarvirki	Yes (Unknown)	None
16	KRAFA: Tafir í upphafi verks og afleiddur kostnaður	Open		Arnar Smári Þorvarðarson (Eftirlit - VERKÍS),	06/09/2017	Hreinn Sigurðsson	15/09/2017		Arnar Smári Þorvarðarson (Eftirlit - VERKÍS),		35 days		kr14,235,460.00	None
15	Gólfhæð á kjallara og rampur að eldri byggingu	Closed	Munck Íslandi	Arnar Smári Þorvarðarson (Eftirlit - VERKÍS),	24/07/2017	Guðmundur Þórðarson	29/07/2017	06/09/17			Yes (Unknown)		Yes (Unknown)	None
14	Misræmi í verkgögnum varðandi efnisval á þakainangrun og vatnspéttilag	Open	Munck Íslandi	Arnar Smári Þorvarðarson (Eftirlit - VERKÍS),	24/07/2017	Guðmundur Þórðarson	29/07/2017		Arnar Smári Þorvarðarson (Eftirlit - VERKÍS),		Yes (Unknown)		Yes (Unknown)	None
13	Öryggishandbók fyrir Sólvang hjúkrunarheimili	Closed	Munck Íslandi	Arnar Smári Þorvarðarson (Eftirlit - VERKÍS),	21/07/2017	Guðmundur Þórðarson	26/07/2017	17/08/17			No		No	None
12	Undirstöður að klöpp	Closed	Munck Íslandi	Arnar Smári Þorvarðarson (Eftirlit - VERKÍS),	19/07/2017	Guðmundur Þórðarson	24/07/2017	24/07/17			Yes (Unknown)		Yes (Unknown)	None
11	Breyting á grungildi vindálags skv. orðsendingu Verkís nr. 9, dags. 11.júlí 2017	Open	Munck Íslandi	Arnar Smári Þorvarðarson (Eftirlit - VERKÍS),	13/07/2017	Guðmundur Þórðarson	18/07/2017		Arnar Smári Þorvarðarson (Eftirlit - VERKÍS),		Yes (Unknown)	007 - Frágangur utanhúss	Yes (Unknown)	None
10	Windload Criteria, Vindálagsforsendur fyrir frágangur utanhúss, kafla 6.2.0, veggfletir og gluggar	Open	Munck Íslandi	Arnar Smári Þorvarðarson (Eftirlit - VERKÍS),	13/07/2017	Guðmundur Þórðarson	18/07/2017		Arnar Smári Þorvarðarson (Eftirlit - VERKÍS),		N/A		N/A	None
9	Svar við orðsendingu eftirlits nr.010, dags. 11.júlí 2017, Ösk um tímajald vegna vinnu við viðbótar- og aukaverk	Open	Munck Íslandi	Arnar Smári Þorvarðarson (Eftirlit - VERKÍS),	12/07/2017	Guðmundur Þórðarson	17/07/2017		Arnar Smári Þorvarðarson (Eftirlit - VERKÍS),		N/A		N/A	None
8	Kafla 6.2 Vindálág	Closed	Munck Íslandi	Arnar Smári Þorvarðarson (Eftirlit - VERKÍS),	03/07/2017	Guðmundur Þórðarson	08/07/2017	31/08/17			N/A		N/A	Guðmundur Þórðarson, (Munck Íslandi)
7	GRÓF ÚTSETNING SÖKKULVEGGJA OG SÚLNA VEGNA GRUNDUNAR	Closed		Arnar Smári Þorvarðarson (Eftirlit - VERKÍS),	09/06/2017	Hreinn Sigurðsson	14/06/2017	31/08/17			Yes (Unknown)		Yes (Unknown)	None
6	STÆKKUN GRAFTAR OG MEDHÖNDLUN YFIRBORÐS	Closed		Arnar Smári Þorvarðarson (Eftirlit - VERKÍS),	02/06/2017	Hreinn Sigurðsson	07/06/2017	31/08/17			Yes (Unknown)		Yes (Unknown)	None
5	JARÞVEGSGRUNNUR OG GRUNDUN	Closed		Arnar Smári Þorvarðarson (Eftirlit - VERKÍS),	29/05/2017	Hreinn Sigurðsson	05/06/2017	31/08/17			Yes (Unknown)		Yes (Unknown)	None

#	Subject	Status	Responsible Contractor	Assignee	Date Initiated	RFI Manager	Due Date	Closed Date	Ball In Court	Location	Schedule Impact	Cost Code	Cost Impact	Received From
4	AFHENDING SVÆÐIS OG UPPHAF FRAMKVÆMDA	Closed		Arnar Smári Þorvarðarson (Eftirlit - VERKÍÐS),	24/05/2017	Hreinn Sigurðsson	29/05/2017	31/08/17			Yes (Unknown)		Yes (Unknown)	None
3	Afmörkun og skipulag vinnusvæðis	Closed		Arnar Smári Þorvarðarson (Eftirlit - VERKÍÐS),	19/05/2017	Hreinn Sigurðsson	24/05/2017	31/08/17			Yes (Unknown)		kr1,594,706.00	None
2	Formleg afhending vinnusvæðis, leyfismál, verkeikningar og önnur gögn	Closed		Arnar Smári Þorvarðarson (Eftirlit - VERKÍÐS),	19/05/2017	Hreinn Sigurðsson	24/05/2017	31/08/17			Yes (Unknown)		Yes (Unknown)	None
1	Upplýsingar, gögn o.fl. sem verktaki óskar eftir í upphafi verks	Closed	Munck Íslandi	Stefán B. Veturliðason (Verkefnisstjórn VSB),	16/05/2017	Hreinn Sigurðsson	17/05/2017	14/08/17			Yes (Unknown)		Yes (Unknown)	None